

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2017.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018 (3. mál)

Vísað er til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar frá 15. desember. Félag atvinnurekenda vill koma á framfæri athugasemdum og tillögum vegna tveggja þátta sem frumvarpinu tengjast:

Fjármagnstekjuskattur

Á undanförunum árum hefur fjármagnstekjuskattur tvöfaldast, verið hækkaður úr 10% í 20%. FA telur þessa hækkun misráðna og er sömu skoðunar varðandi áframhaldandi hækkun skattsins. Í greinargerð frumvarpsins er mikið gert úr því að verið sé að samræma skattlagningu á launa- og fjármagnstekjur. Hér er hins vegar um eðlisólíka skattheimtu að ræða.

Reynslan hefur sýnt að ef skattgreiðendum reynist auðvelt að komast hjá skattheimtu, þeim mun er meira hið svokallaða velferðartap sem af þeirri skattheimtu hlýst. Í tilfalli fjármagnstekjuskatts er velferðartap jafnan meira en ella. Með öðrum orðum má með tiltölulega einföldum hætti komast hjá fjármagnstekjuskatti með því að innleysa ekki hagnað, þ.e. að kjósa að selja ekki einhverja eign. Niðurstaðan er tregða í fjármagnsflutningum en virkni markaðshagkerfa veltur m.a. á því að fjármagn færist frá þeim sem nýta það illa til þeirra sem nýta það betur með sem einföldustum hætti.

Í versta falli mun aukin skattheimta á fjármagnstekjur því ekki hækka skatttekjur að ráði en þess í stað valda talverðu velferðartapi. Skattheimtan leiðir til taps fyrir hagkerfið og þjóðfélagið. Velferðartap er vel þekkt efnahagslegt fyrirbæri og nægir að nefna framlag Nóbelsverðlaunahafans Johns Hicks í því samhengi.

FA átelur jafnframt að lagt sé til að hækka fjármagnstekjuskatt enn frekar án þess að jafnframt sé kveðið á um breytingar á skattstofni og álagningaraðferð. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 segir: „Í framhaldinu verður skattstofn fjármagnstekjuskatts tekinn til endurskoðunar, með það fyrir augum að raunverulegur ávinningur af fjármagni verði skattlagður og alþjóðlegur samanburður verður um leið auðveldari.“ FA hefði talið rétt að gera þessa breytingu nú þegar í stað þess að bíða með hana.

Vörugjald af ökutækjum

a) vörugjöld á bílaleigubifreiðar

Samkvæmt frumvarpinu er bráðabirgðaákvæði XVI laganna framlengt um 1 ár. Þannig fari álagning vörugjalds á bifreiðar sem ætlaðar eru til útleigu hjá ökutækjaleigum samkvæmt

undanþáguflokki (0-30%) árið 2018 en ekki samkvæmt aðalflokki (0-65%). Sú breyting er hins vegar gerð að hámarks ívilnun vörugjalds á slíkar bifreiðar er lækkað úr 500.000 kr. í 250.000 kr.

Stutt er síðan sérstök undanþáguheimild um álagningu vörugjalda á bílaleigubifreiðar var afnumin en FA lagðist gegn þeirri breytingu m.a. með vísan til þess að undanþáguheimildin var hugsuð til þess að efla ferðaþjónustuna á þessu sviði og gera hana betur samkeppnishæfa í samanburði við þá þjónustu í öðrum löndum. Ljóst er að ferðaþjónustan er ekki samkeppnishæf við önnur lönd hvað varðar bílaleigu en mjög dýrt er að leigja bílaleigubíla hér á landi miðað við önnur lönd, t.d. er þrefalt dýrara að leigja bíl hér en í Danmörku.¹ Þrátt fyrir andstöðu FA var undanþáguheimildin felld brott með lögum nr. 125/2015. Til að milda höggið var sett bráðabirgðaákvæði um álagningu vörugjalda á bílaleigubíla samkvæmt undanþáguflokki (0-30%) sem átti að ná til árána 2016 og 2017. Lækkunin gæti þó aldrei numið hærri fjárhæð en 500.000 kr. FA telur jákvætt að til standi að framlengja þetta ákvæði þannig að heimildin til álagningar skv. undanþáguflokki nái til ársins 2018.

Bráðabirgðaákvæði laganna um álagningu vörugjalds á bílaleigubíla skiptir miklu fyrir rekstur ferðaþjónustufyrirtækja sem sjá ferðamönnum fyrir þessari þjónustu. Ferðaþjónustan er sívaxandi atvinnugrein og skapar þjóðarþúinu miklar tekjur ef rétt er haldið á spilunum. Til að taka á móti þeim mikla fjölda ferðamanna sem sækir landið heim þarf ferðaþjónustan að geta veitt nauðsynlega þjónustu, þar á meðal gistingu og farartæki. Þegar valinn er áfangastaður eru það aðallega þrjú atriði sem skipta höfuðmáli; kostnaður við gistingu, farartæki og flug. Minni stuðningur við bílaleigufyrirtæki dregur úr samkeppnishæfni þeirra við nágrannalöndin og leiðir að öllum líkindum af sér hækkun á verðskrá fyrirtækjanna. Bent er á að ýmis lönd sem við berum okkur saman við, þ.m.t. Noregur, veita ívilnanir til bílaleiga og gististaða til að trekkja að ferðamenn þar sem sýnt þykir að neysla ferðamanna þegar til áfangastaðar er komið skili margfalt meiri tekjum.

FA telur varhugavert að lækka afsláttinn niður í 250.000 kr. eins og frumvarpið gerir ráð fyrir en bent er á að afslátturinn var 1.250.000 í upphafi. Fyrirhuguð lækkun mun leiða til þess að bílaflokkurinn eldist og breytist á þann veg að ódýrir smábílar og ódýrir jepplingar (slyddujeppar) verða algengari þar sem afslátturinn 250 þúsund er umtalsvert hærra hlutfall af kaupverði ódýrari bíls en þeirra dýrari. Endurnýjun á bílafloða bílaleigufyrirtækja er mikilvæg með tilliti til öryggis og aðbúnaðar. Eigi bílaleigur erfiðara með að bjóða vandaðri bíla er þeim jafnframt gert erfiðara að gera út á ferðamenn sem eyða meiru og leggja meira til þjóðarþúsins.

Þessi lækkun og að endingu brottfall bráðabirgðaákvæðisins mun draga verulega úr innflutningi nýrra bíla enda töluverð breyting á rekstrarumhverfi bílaleigufyrirtækja sem mörg hver standa höllum fæti; framlegð er mjög lág í greininni og sumarið kom illa út samkvæmt heimildum FA. Rekstartölur flestra bílaleiga voru neikvæðar árið 2016 og ekkert sem bendir til annars en að ársreikningar 2017 verði áfram með mínustölum.

¹ Umsögn FA dags. 7. október 2016 <http://www.atvinnurekendur.is/media/Ums%C3%B6gn-bandormur-2016.pdf>

Með vísan til framangreinds telur FA rétt að fallið verði frá því að lækka hámarks ívinnun niður í 250.000 kr.

b) Vörugjöld á rafbíla

FA telur rétt að með frumvarpi þessu sé leiðrétt sú mismunun sem felst í lögnum gagnvart einni tegund rafbíla, golfbílum. FA hefur áður bent á þessa mismunun, m.a. með bréfi til ráðherra og í umsögn sinni, dags. 11. desember 2016, um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017 (2. mál).²

Sú stefna hefur verið við lýði hér á landi að afnema vörugjöld af umhverfisvænum ferðakostum. Með því er stuðlað að frekari notkun farartækja sem notast við umhverfisvænni orkugjafa en olíu og bensín. Þrátt fyrir þessa stefnu, tillögur skýrslunnar frá 2008 sem og þau sjónarmið sem hinum nýja starfshópi ber að vinna eftir hefur farist fyrir að afnema vörugjöld af rafknúnum golfbifreiðum.

Golfbílar bera 30% vörugjald skv. lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nánar tiltekið b-lið 3. tölulið 4. gr. sem hljóðar svo:

3. 30% vörugjald:

a. Hópförðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni að leyfðri heildarþyngd 5 tonn eða minna. Sömu ökutæki í eigu hópförða- eða sérleyfishafa eða í fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópförða- eða sérleyfishafa skulu bera 5% vörugjald.

b. Bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga og jafnframt stigin bifhjól, [fjór hjól, sexhjól, körtur, golfbílar og beltabifreiðar, þ.m.t. vélsleðar].²⁾

c. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.]³⁾

Með lögum nr. 33/2015 var lögum um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl. breytt á þá leið að tilteknum ökutækjum var bætt inn í b-liðinn, m.a. golfbílum. Í athugasemdum við frumvarp til breytingalaganna segir: „Í frumvarpinu er tekinn af allur vafi um að fjór hjól, sexhjól, körtur, golfbílar og beltabifreiðar, þ.m.t. vélsleðar, beri 30% vörugjald samkvæmt b-lið 3. tölul. 4. gr. laganna. Lagt er til að ökutæki þessi verði nú talin upp í ákvæðinu þar sem rétt þykir að kveða skýrt á um það.“ Ekki eru færð rök fyrir því af hverju rafknúnir golfbílar skuli beri vörugjald ólíkt öðrum rafknúnum bifreiðum sem falla undir 3. gr. laganna.

Í 3. gr. laganna er að finna hina almennu reglu um gjaldflokka ökutækja en flokkarnir ráðast af skráðri losun koltvísýrings. Þau ökutæki sem hafa skráða losun 0-80 greiða ekkert gjald. Rafmagnsknúnar bifreiðar falla undir almennu reglu 3. gr. laganna og þarf ekki að greiða vörugjald af þeim þar sem þær mynda ekki koltvísýring og skráð losun koltvísýrings því engin. Ekki er að sjá hvaða rök standa til þess að greiða vörugjald af rafknúnum golfbílum en ekki rafknúnum bílum og bifhjólum sem falla undir undanþágu p-liðar 1. tölul. 4. gr. Ólíkar reglur gilda því um ökutæki sem ganga fyrir sama orkugjafa en mikilvægt er að gætt sé samræmis og jafnræðis að þessu leyti.

² Umsögn FA dags. 16. desember 2016 <http://www.atvinnurekendur.is/media/umsogn-2.-mal-bandormur-2017.pdf>

Golfbílar eru almennt knúnir raforku og því vistvænir þar sem engin mengun verður auk þess sem þeir eru hljóðlátir. Að þessu leyti skera þeir sig úr þeim hópi ökutækja sem b-liður 3. töluliðar 4. gr. telur upp. Fjór hjól, sex hjól, körtur og beltabifreiðar eru öll knúin eldsneyti. Golfbifreiðar eru jafnframt mikilvæg hjálpartæki fyrir einstaklinga sem hafa skerta hreyfigetu, til að mynda sökum aldurs, en fyrir tilstuðlan slíkra ökutækja er þessum einstaklingum kleift að stunda íþróttina og njóta útivistar til jafns við aðra. Auk þess er unnt að nota bifreiðirnar í önnur verk og hafa þær t.d. verið notaðar af starfsmönnum Húsdýra- og fjölskyldugarðsins.


Álagning vörugjalda dregur úr innflutningi þessara bifreiða sem eru líkt og áður segir mikilvæg hjálpartæki aldraðra og hreyfihamlaðra við ástundun íþróttar og útivistar. Þá gengur hún þvert gegn þeirri stefnu að auka hlut rafbíla á markaðnum, draga úr losun koltvísýrings og annarra skaðlegra efna og auka hlut innlendra orkugjafa.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að nauðsynlegt er að endurskoða álagningu þessa gjalds á golfbifreiðar og færa það til samræmis við þær reglur sem almennt gilda um rafknúna bifreiðar. Leggur FA því til að orðið *golfbílar* verði fellt brott úr b-lið 3. tölul. 4. gr. laganna.

Að lokum

Félag atvinnurekenda áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum við frumvarpið á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Félag atvinnurekenda
Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri